



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Dómsmálaráðuneytið
Borgartúni 26
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. mars 2024.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um drög að frumvarpi um breytingar á lögreglugögum nr. 90/1996 (afbrotavarnir, vopnaburður og eftirlit með lögreglu), þskj. 1058, 707. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) deilir þeim áhyggjum sem tíundaðar voru í umsögn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands til allsherjar- og menntamálanefndar þegar frumvarp sama efnis var þar til meðferðar í vor (535. mál, 153. löggjafarþing). Ljóst er að þau drög sem hér eru til umsagnar hafa tekið einhverjum breytingum, flestum til bóta. Er nú kveðið á um að ákvörðun um að hefja eftirlit með einstaklingi, sbr. 6. gr. frumvarpsins, skuli staðfest af stýrihóp um skipulagða brotastarfsemi innan þriggja sólarhinga, skráð í kerfi lögreglu og tilkynnt til gæðastjóra lögreglu, þá skuli eftirlit ekki viðhaft lengur en nauðsynlegt er og skuli lögreglustjóri taka ákvörðun um framlengingu eftirlits að fjórum vikum liðnum. Standi eftirlit lengur en 12 vikur skuli það borið undir stýrihópinn að nýju. Allt eru þetta skref í rétta átt en skrifstofan telur samt sem áður ekki ljóst hvaða viðmið séu lögð til grundvallar þegar ákvörðun er tekin um eftirlit (eða hún staðfest af stýrihóp) og með hvaða hætti skuli metið hvort eftirlitið feli í sér brýna nauðsyn sem réttlæti takmörkun á friðhelgi einkalífs þeirra sem eftirliti sæta. Gildir þá einu þótt eftirlitið sé ekki „víðtækt“ og feli t.a.m. ekki í sér aðgang að fjarskiptagögnum, enda um að ræða einstaklinga sem ekki eru grunaðir um að hafa framið afbrot.

MRSÍ telur jafnframt varhugavert að lögreglustjóri þurfi ekki skilyrðislaust að verða við tilmælum nefndar um eftirlit með lögreglu að tilkynna einstaklingi að hann hafi sætt eftirliti. Ljóst er að ákvörðun lögreglustjóra um að verða ekki við slíkri beiðni nefndarinnar væri matskennd og myndi hvergi sæta endurskoðun.

Virðingarfyllst,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands


Margrét Steinarsdóttir



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

framkvæmdastjóri